

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 185/2016****2018/EES/19/22****frá 23. september 2016****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1120 frá 11. júlí 2016 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1121 frá 11. júlí 2016 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1143 frá 13. júlí 2016 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32016 R 1120**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1120 frá 11. júlí 2016 (Stjútíð. ESB L 187, 12.7.2016, bls. 1),
- **32016 R 1121**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1121 frá 11. júlí 2016 (Stjútíð. ESB L 187, 12.7.2016, bls. 4),
- **32016 R 1143**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1143 frá 13. júlí 2016 (Stjútíð. ESB L 189, 14.7.2016, bls. 40).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 2016/1120, (ESB) 2016/1121 og (ESB) 2016/1143, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 187, 12.7.2016, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 187, 12.7.2016, bls. 4.⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 189, 14.7.2016, bls. 40.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.